

Vintage Pictures
Barmahlíð 3
105 Reykjavík

Reykjavík 26. apríl 2019
UST201904-181/09.06.01
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku og aksturs utan vega - Krýsuvíkurbjarg - Reykjanesviti - Kleifarvatn

Umhverfisstofnun hefur móttekið umsókn Vintage Pictures, dagsett 12. apríl með viðbótarupplýsingum 22. apríl, um leyfi til kvikmyndatöku á nokkrum svæðum innan Reykjanesfólkvangs, á Bláalónsvegi og við Valahnúk dagana 27.-28. apríl 2019. Einnig er óskað eftir leyfi til aksturs utan vega í tengslum við kvikmyndatökurnar við Kleifarvatn.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Bláalónsvegur og Valahnúkur eru ekki friðlýst svæði, umsækjandi þarf að sækja um leyfi hjá landeiganda og/eða sveitarfélagi fyrir kvikmyndatökunum þar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Tökur innan Reykjanesfólkvangs fara fram við Kleifarvatn, Krýsuvíkurbjarg og á Suðurstrandarvegi milli Grindavíkur og Krýsuvíkurvegar. Við Kleifarvatn verður myndað á tveimur svæðum, í fjörunni milli Syðri Stapa og klettsins sem hellirinn er í og í fjörunni norðan hans. Á þessum tveimur tökustöðum er óskað eftir leyfi til að keyra jeppa eða sexhjól með tökubúnað frá vegi að tökustað eftir fjörunni sbr. kort sem fylgdi umsókn umsækjanda. Rakað og sópað verður yfir öll för. Við Krýsuvíkurbjarg er verið að taka landslagsskot. Á Suðurstrandarvegi fara tökur fram á veginum á þremur stöðum sbr. kort sem fylgdi með umsókn umsækjanda. Mögulega verða einhverjar takmarkanir á umferð eftir Suðurstrandarvegi á meðan tökur fara fram. Sótt verður um leyfi til löggreglu og Vegagerðarinar fyrir tökum á veginum. Þjónusturútu, salerniskerru, tækjabíl og fólksbílum sem þjónusta starfsmenn sem koma að tökunum verður lagt á bílastæði í grennd við tökustaði. Tökur innan Reykjanesfólkvangs fara fram dagana 27.-28. apríl 2019.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að akstur farartækis í fjöruni við Kleifarvatn muni ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins til lengri tíma litið. Framkvæmdin er þó líkleg til að hafa neikvæð áhrif á lífríki og aðra gesti svæðisins á meðan akstur fer fram. Verndargildi vistgerðar

sem farið verður um er ekki hátt en um er að ræða gamlan slóða og ógróið land. Umhverfisstofnun metur að hægt sé að minnka neikvæð áhrif akstursins með skýrri afmörkun á akstursleið farartækisins þannig að hún fari ekki yfir gróður eða óraskað land og að þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfinu sé fylgt.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun metur tökur við Krísuvíkurbjarg og á Suðurstrandarvegi ekki leyfisskyldar af hálfa Umhverfisstofnunar skv. lýsingu umsækjanda. Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri jeppa/sexhjóls eftir fjöruni við Kleifarvatn til að ferja tökubúnað sbr. lýsingu hér að ofan 27.-28. apríl 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólk i þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis er heimilt að aka bifreið eða sexhjóli sem ferjar tökubúnað við Kleifarvatn að tökustað framkvæmdarsvæðis og til baka aftur sbr. lýsingu á akstursleið í umsókn umsækjanda. Aka skal eins fáar ferðir og mögulegt er. Afmá skal öll hjólför utan vega að akstri loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökti berist ekki í jarðveg/vatn.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægt.
- Losun ferðasalerna skal fara fram á viðurkenndum losunarstað utan hins friðlýsta svæðis.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. 39.400- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri



René Biasone
sérfræðingur